

Fundur stjórnar Íshokkísambands Íslands
miðvikudagur 23. október 2024 klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), Bergur Jónsson (BJ), Olgeir Olgeirsson (OO), Ingólfur Elíasson (IE), Arnar Sveinsson (AS), Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Sigrún Agata (SA),

Fundargerð síðasta fundar var birt á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk gat lesið hana yfir og gert athugasemdir. Engar athugasemdir bárust á Slack og ekki heldur við upphaf fundar og var því fundargerðin frá 16. Október borin undir atkvæði og hún samþykkt samhljóða.

Formaður flutti stjórn munnlega greinargerð frá sáttafundi sem haldin var með SR undir stjórn Lilju Bjarnadóttur sáttamiðlara. BJ kom inn í þessa umræðu einnig þar sem hann sat einnig fundinn fyrir hönd ÍHÍ. Þar kom fram að sáttafundinum lauk með því að ákveðið var að fulltrúar SR og ÍHÍ færu og ræddu við sitt bakland, annað stjórnarfolk um stöðu mála.

AS og OO reifuðu málið frá sjónarmiði SR og kom fram í máli þeirra að þeir óskuðu eftir því að stjórnin leggði sig fram um að koma á sáttum milli deiluaðila. Formaður benti á að hendur stjórnarinnar væru bundnar af þeim lögum og reglugerðum sem hreyfingin starfar eftir.

Eitt af því sem rætt var á fundinum var að rökstuðningur aganefndarinnar væri takmarkaður. Samþykkt var að stjórn myndi óska eftir því við aganefnd að hún færði fram frekari rökstuðning við úrskurðum sínum yfir Daniel og Jonathan Outuma og Birki Einissyni.

Landsliðsmál karlaliða, formaður fór yfir stöðuna og kynnti hugmynd sem lýtur að því að fá Mílos Rakinsky og Rúnar F. Til þess að verða umsjónarmenn þessara liða. Einnig gerði hann tillögu að því að Martin Simanek yrði aðalþjálfari U18, Sheldon Reasbeck yrði aðalþjálfari U20 og síðan skýrði hann frá viðræðum sem eru í gangi við Martin Strazinski um að taka að sér þjálfun á karlaliðinu. Stjórnin fól formanni og framkvæmdastjóra að ganga frá samningum við þessa aðila.

Önnur mál: GÍÞ skýrði frá dómara sem slasaðist í leik á Akureyri sem var í U16 aldursflokki. Viðkomandi segist sitja uppi með allnokkurn kostnað vegna málsins og er að óska eftir því að fá fjárhagslega aðstoð frá ÍHÍ. Almenna sjónarmiðið er að hver og einn dómari er ábyrgur fyrir tryggingum sínum enda einu aðilar leiksins sem fá greitt fyrir starf sitt. Þetta mál er nokkið sérstakt vegna þess að viðkomandi einstaklingur er þungaður og var fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur. M.a. vegna þess er kostnaðurinn óeðlilega hár AS telur mögulegt að viðkomandi einstaklingur þekki ekki til fulls rétt sinn og sé hugsanlega ekki að átta sig á því hvaða möguleikar eru á því að Sjúkratryggingar taki þátt í greiðslum, því að kerfið er nokkuð flókið. GÍÞ ætlar að koma gögnum á AS sem ætlar að skoða málið þar sem hann hefur mikla þekkingu á málaflokknum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.